

# SAMKOMULAG UM SAMSKIPTI LÍFEYRISSJÓÐA

Samkomulag þetta byggir á 2. og 3. mgr. 19. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem og á 9. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Lífeyrissjóðir, og deildir þeirra, sem aðilar eru að samkomulagi þessu skulu leitast eftir því að túlka samþykktir sínar í samræmi við samkomulag þetta.

## 1. Markmið

1.1. Markmið samkomulags þessa er að tryggja að sjóðfélagar sem greitt hafa iðgjöld til fleiri en eins lífeyrissjóðs glati ekki réttindum sínum eða öðlist meiri rétt vegna þess.

## 2. Réttindi í fleiri en einum lífeyrissjóði

2.1. Hafi iðgjöld verið greidd til fleiri en eins lífeyrissjóðs skulu lífeyrissjóðir líta á iðgjaldagreiðslur eins og þær hefðu verið til eins sjóðs þegar meta skal rétt til lífeyris og þegar metið er hvort skilyrði samþykktu um lágmark áunnins réttindatíma, lágmark áunninna réttinda eða lágmark iðgjaldagreiðslna séu uppfyllt.

## 3. Almennar skilgreiningar

3.1. Í samkomulagi þessu skulu eftirfarandi hugtök hafa þessa merkingu:

- a) **Áunnin réttindi:** Reiknaður lífeyrisréttur út frá greiddum iðgjöldum.
- b) **Blandaður sjóður:** Lífeyrissjóður þar sem lögbundin lágmarkstryggingavernd er tryggð með samtryggingu og bundinni séreign.
- c) **Grunnlaunatafla SAL:** Sjá Viðauka 3.
- d) **Heildariðgjöld:** Hér er átt við samanlögð iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðanda til lágmarkstryggingaverndar, þ.e. samtrygging og bundin séreign, ef við á.
- e) **Hlutfallssjóðir:** Sjóðir þar sem sjóðfélagar ávinna sér rétt til lífeyris sem er ákveðið hlutfall af launum. Hlutfallssjóðum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum við gildistöku laga nr. 129/1997.
- f) **Iðgjöld:** Til öflunar lágmarkstryggingaverndar með samtryggingu og séreign.
- g) **Réttindamánuður:** Mánuðurinn eftir orkutapsmánuð eða andlátsmánuð.
- h) **SAL stig:** Sjá Viðauka 3.
- i) **Sjálfstæður réttur:** Þegar iðgjöld veita rétt til örorkulífeyris, barnalífeyris eða framreiknings hjá lífeyrissjóði óháð iðgjaldagreiðslum til annarra lífeyrissjóða.
- j) **Talning mánaða:** Við talningu mánaða vegna athugunar á rétti til framreiknings eða barnalífeyris skv. samþykktum sjóða, t.d. 24 mánuði af 36 eða 6 af síðustu 12, þá er átt við fjölda almanaxmánaða fram til loka næsta mánaðar áður en orkutap eða fráfall á sér stað.
- k) **Yfirlitsblað:** Samantekt úrskurðarsjóðs sem send er með gögnum til annarra sjóða sem sjóðfélagi á réttindi í.

#### 4. Umsóknir um lífeyri

- 4.1. Á ellilífeyrisumsóknum skal sjóðfélaga veittur sá kostur að umsókn skuli send áfram til annarra sjóða sem hann á réttindi í og skal umsóknin þá jafnframt gilda gagnvart öðrum sjóðum.
- 4.2. Örorku-, maka- og barnalífeyrisumsóknir skulu ávallt sendar áfram til annarra sjóða sem sjóðfélagi á réttindi í.
- 4.3. Á örorkulífeyrisumsóknum skal umboð það sem sjóðfélagi veitir sjóðnum til gagnaöflunar gilda gagnvart öðrum sjóðum sem sjóðfélagi á réttindi í.

#### 5. Örorkulífeyrir

5.1. Í samkomulagi þessu skulu eftirfarandi hugtök hafa þessa merkingu:

- a) **Orkutap:** Breyting á starfsorku sjóðfélaga.
  - b) **Orkutapsmánuður:** Ef orkutapsdagsetning er 2.-31. dag mánaðar þá telst sá sami mánuður vera orkutapsmánuður. Ef orkutapsdagsetning er 1. dag mánaðar þá telst mánuðurinn á undan vera orkutapsmánuður. Sem dæmi, sé orkutap metið 01.01 er orkutap metið m.v. 31.12 árið á undan.
  - c) **Örorkumat:** Mat trúnaðarlæknis á orkutapi sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri.
  - d) **Endurmat:** Mat trúnaðarlæknis á því hvort áframhald sé á orkutapi örorkulífeyrisþega.
  - e) **Móttökusjóður örorkuumsóknar:** Sá sjóður sem síðast hefur móttekið iðgjöld vegna sjóðfélaga, óháð dagsetningu orkutaps.
  - f) **Úrskurðarsjóður:** Sá sjóður sem síðast hefur móttekið iðgjöld vegna sjóðfélaga, fyrir orkutap hans.
- 5.2. Liggi bersýnilega fyrir við móttöku umsóknar samkvæmt læknisvottorði að móttökusjóður er ekki úrskurðarsjóður skal móttökusjóður senda umsókn til þess sjóðs sem ætla má að sé úrskurðarsjóður, þ.e. sá sjóður sem síðast var greitt í fyrir orkutap.
  - 5.3. Komi í ljós við örorkumat að iðgjöld hafi ekki verið greidd til móttökusjóðs fyrir orkutap skal hann senda umsókn, örorkumat trúnaðarlæknis og öll fylgigögn til þess sjóðs sem síðast hefur móttekið iðgjöld fyrir orkutap. Skal sá sjóður frá þeim tímapunkti teljast úrskurðarsjóður.
  - 5.4. Komi í ljós að sjóðfélagi uppfylli ekki lágmarksskilyrði úrskurðarsjóðs til greiðslu örorkulífeyris skal senda umsókn til síðasta sjóðs þar sem réttur til örorkulífeyris gæti verið til staðar.
  - 5.5. Hafi sjóðfélagi greitt á sama tíma til fleiri en eins sjóðs fyrir orkutap skal sá sjóður sem er með hærri iðgjaldagreiðslur síðustu 12 mánuði fyrir orkutap vera úrskurðarsjóður.
  - 5.6. Úrskurðarsjóður skal óska eftir nauðsynlegum upplýsingum frá öðrum sjóðum og úrskurða um örorkulífeyri.
  - 5.7. Úrskurðarsjóður skal, óháð niðurstöðu, senda umsókn og fylgigögn til annarra sjóða sem sjóðfélagi á réttindi í, sbr. yfirlitsblað í Viðauka 1, og vista staðfestingu um sendingu umsóknar. Úrskurðarsjóður skal einnig upplýsa sjóðfélaga um í hvaða sjóðum hann á réttindi í.

## 6. Stubbaflutningar vegna örorkulífeyris

6.1. Í samkomulagi þessu skulu eftirfarandi hugtök hafa þessa merkingu:

- a) **Stubbur:** Nemi mánaðarlegur örorkulífeyrisréttur m.v. réttindamánuð og 100% orkutap lægri fjárhæð en 2.500 kr. Þá er hann skilgreindur sem stabbur og skal fluttur til úrskurðarsjóðs. Fjárhæðin uppfærast mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu maí 2020, 475,2. Ef um er að ræða stabb hjá blönduðum sjóði sem samanstendur af samtryggingu og séreign til lágmarkstryggingaverndar fer stubbaflutningur mögulega ekki fram heldur er greitt sjálfstætt út úr viðkomandi sjóði.
- b) **Stabbasjóður:** Lífeyrissjóður sem flytur stabb frá sér til úrskurðarsjóðs.
- c) **Stubbaflutningur:** Flutningur stubba frá stabbasjóði til úrskurðarsjóðs.

6.2. Stabbasjóður greiðir úrskurðarsjóði fjórtánfalda ársfjárhæð stubbs m.v. réttindamánuð og 100% orkutap, þ.e. fjárhæð örorkulífeyris í réttindamánuði x 12 x 14.

6.3. Ef orkutapsdagsetning er eftir 62 ára afmælistánuð sjóðfélaga fer stubbaflutningur ekki fram heldur er greitt sjálfstætt út úr viðkomandi sjóði.

6.4. Við stubbaflutning falla áunnin réttindi í stabbasjóði niður en áunnin réttindi í úrskurðarsjóði aukast sem nemur stubbnum. Við flutning skal miðað við réttindi eins og þau eru hjá stabbasjóði fyrsta dag mánaðar eftir orkutapsmánuð, sbr. skilgreiningu í gr. 5.1.b.

6.5. Ef stabbasjóður er einnig framreikningssjóður þá flytjast stubbar til úrskurðarsjóðs með framreikningi, svo framarlega sem réttindi ásamt framreikningi samkvæmt útreikningi úrskurðarsjóðs eru undir stubbamörkum.

6.6. Sé dagsetning orkutaps fyrir 31. janúar 2008 og réttindi minni en 2,000 SAL stig, skal stabbasjóður greiða úrskurðarsjóði samkvæmt SAL reikniaðferð. SAL stig hvers iðgjaldaárs reiknast þannig að deilt er í tíföld (10) iðgjöld ársins (iðgjald sjóðfélaga + mótframlag) með samanlagðri grundvallarfjárhæð ársins skv. grunnlaunatöflu SAL, sbr. Viðauka 3. Stabbasjóður greiðir því úrskurðarsjóði samanlögð SAL stig x 1,2 x grundvallarfjárhæð í flutningsmánuði stubbs skv. grunnlaunatöflu SAL, sbr. Viðauka 3.

## 7. Endurmat örorkulífeyris

7.1. Trúnaðarlæknir úrskurðarsjóðs ákveður í örorkumati hvenær beri að endurmeta orkutap sjóðfélaga.

7.2. Úrskurðarsjóður skal annast endurmat.

7.3. Þegar endurmat liggur fyrir ber að senda það til annarra lífeyrissjóða sem sjóðfélagi á réttindi í.

## 8. Framreikningur örorku- og makalífeyris

8.1. Í samkomulagi þessu skulu eftirfarandi hugtök hafa þessa merkingu:

- a) **Framreikningur:** Reiknuð réttindi vegna ókomins tíma við úrskurð örorkulífeyris og makalífeyris.

- b) Framreiknings sjóður:** Lífeyrissjóður, eða deild í lífeyrissjóði, sem framreiknar réttindi vegna ókomins tíma í örorku- eða makalífeyrismáli eða myndi framreikna réttindi í því máli ef tekið væri tillit til iðgjaldagreiðslna til annarra lífeyrissjóða. Réttur til framreiknings getur myndast hjá fleiri en einum lífeyrissjóði.
- c) Framreiknings hlutfall hvers sjóðs:** Það fæst með því að deila í uppreiknuð iðgjöld framreiknings sjóðs með samtölu uppreiknaðra iðgjalda allra framreiknings sjóða. Um er að ræða heildariðgjöld vegna sjóðfélaga á því tímabili sem fram kemur í gr. 8.2.
- 8.2.** Myndist réttur til framreiknings hjá fleiri en einum lífeyrissjóði skal framreikningur skiptast milli þeirra sjóða sem iðgjöld hafa verið greidd til síðustu þrjú almanaksár fyrir dagsetningu orkutaps eða fráfalls og fram til loka þess mánaðar er orkutap eða fráfall á sér stað.
- 8.3.** Samanlögð iðgjöld tímabils, sbr. gr. 8.2., eru verðbætt með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Notuð er meðalvísitala hvers árs og vísitala réttindamánaðar. Á ári orkutaps eða fráfalls skal reikna með meðaltali vísitölunnar frá áramótum til loka þess mánaðar er orkutap eða fráfall á sér stað. Framreikningur skiptist milli sjóða í samræmi við hlutdeild þeirra í verðbættum heildariðgjöldum.
- 8.4.** Úrskurðarsjóður skal tiltaka á yfirlitsblaði nöfn framreiknings sjóða og framreiknings hlutfall hvers sjóðs, sbr. Viðauka 1.

## 9. Barnalífeyrir

- 9.1.** Barnalífeyrissjóður er sá lífeyrissjóður sem veitir barnalífeyri vegna örorku eða fráfalls sjóðfélaga eða myndi veita slíkan lífeyri ef tekið væri tillit til iðgjaldagreiðslna til annarra lífeyrissjóða skv. gr. 2.1.
- 9.2.** Myndist réttur til barnalífeyris hjá fleiri en einum lífeyrissjóði skal barnalífeyrir skiptast milli þeirra sjóða, sem iðgjöld hafa verið greidd til síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutap eða fráfall og fram til loka þess mánaðar er orkutap eða fráfall á sér stað, sbr. gr. 8.3 og gr. 8.1.c .
- 9.3.** Nái hlutur lífeyrissjóðs við skiptingu barnalífeyris, sbr. gr. 9.2., ekki 10% færast sá hlutur til þess barnalífeyrissjóðs með 10% hlut eða meira sem iðgjöld voru síðast greidd til fyrir orkutap/andlát eða hæst iðgjöld voru greidd til síðustu 12 mánuðina, án þess að nokkur flutningur réttinda eða greiðsla fari fram milli lífeyrissjóðanna.
- 9.4.** Skapist sjálfstæður réttur til barnalífeyris hjá lífeyrissjóði og fjárhæð barnalífeyris þess sjóðs er hærri en samanlagður barnalífeyrir sem greiða skal samkvæmt gr. 9.1, skal sá lífeyrissjóður bæta lífeyrisþega mismuninn. Hafi sjálfstæður réttur skapast hjá fleiri en tveimur lífeyrissjóðum skal sá sjóður sem er með lágsta lífeyrinn greiða sitt hlutfall, sá sjóður sem er með næstlægsta lífeyrinn skal greiða upp að sínu hámarki en sá sjóður sem er með hæsta lífeyrinn skal bæta greiðsluna upp að fullu að teknu tilliti til þeirra greiðslna sem aðrir sjóðir hafa greitt. Sjá dæmi í Viðauka 2.
- 9.5.** Hafi engar iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða átt sér stað þau fjögur ár sem tilgreind eru í gr. 9.2. en réttur er engu að síður til barnalífeyris samkvæmt samþykktum sjóða skal

skipting milli hlutaðeigandi sjóða miðast við fjárhæðir elli- eða örorkulífeyris sjóðanna á þeim tíma sem úrskurður barnalífeyris miðast við.

- 9.6. Úrskurðarsjóður barnalífeyris skal tiltaka á yfirlitsblaði upplýsingar um barnalífeyris-sjóði og hlutfall barnalífeyris og uppbót skv. gr. 9.4. Þá skal einnig tiltaka á yfirlitsblaði ef réttindi eru undir 10%, sbr. gr. 9.3., og upplýsingar um hvaða lífeyrissjóður tekur þann hluta frá hverjum.

## 10. Upplýsingagjöf

- 10.1. Lífeyrissjóður skal veita öðrum lífeyrissjóði sem þess óskar upplýsingar um iðgjöld, sundurliðuð eftir árum, og upplýsingar um réttindi að teknu tilliti til vísitölu neyslu-verðs til verðtryggingar í réttindamánuði.
- a) Lífeyrissjóður skal veita upplýsingar um þann hluta iðgjalda í séreign sem varið er til lágmarkstryggingaverndar.
  - b) Lífeyrissjóður skal sérstaklega geta réttinda sem flutt hafa verið til eða frá sjóðfélaga vegna skiptingar á ellilífeyrisréttindum hjóna og sambúðarfólks, sbr. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997.
- 10.2. Upplýsingar skulu sendar milli lífeyrissjóða með öruggum hætti.

## 11. Úrskurðar- og umsagnarnefnd

- 11.1. Skipa skal þriggja einstaklinga úrskurðar- og umsagnarnefnd til að fjalla um mál er varða framkvæmd samkomulags þessa. Landssamtök lífeyrissjóða skipa nefndarmenn þessa ásamt þremur til vara til fjögurra ára í senn.
- 11.2. Hlutverk úrskurðar- og umsagnarnefndar er:
- a) Að veita umsagnir um hvernig skýra beri einstaka greinar samkomulags þessa og um framkvæmd samkomulagsins, sé þess óskað af aðila samkomulags þessa.
  - b) Að úrskurða um álita- eða ágreiningsefni í málum sem falla undir samkomulag þetta og hlutaðeigandi lífeyrissjóðir eru sammála um að leita til nefndarinnar um. Slíkur úrskurður er bindandi fyrir málsaðila.
  - c) Að leita lausnar á einstökum málum sem Landssamtök lífeyrissjóða kunna að vísa til nefndarinnar og varða samkomulagið eða framkvæmd þess.
- 11.3. Úrskurðir og umsagnir nefndarinnar skulu birtir á innri vef Landssamtaka lífeyrissjóða og vera aðgengilegir framkvæmdastjórum lífeyrissjóða.
- 11.4. Kostnaður við störf nefndarinnar, ef einhver er, skal greiddast af aðildargjöldum lífeyris-sjóða til Landssamtaka lífeyrissjóða.

## 12. Aðild og gildistaka

- 12.1. Samkomulag þetta tekur gildi þann 1. maí 2022 og tekur til umsókna um lífeyri sem berast lífeyrissjóði/um eftir það tímamark. Samkomulag þetta hefur því ekki áhrif á þau mál sem þegar hafa verið afgreidd í gildistíð eldri samkomulaga.

- 12.2. Samkomulag þetta var unnið á vegum réttindanefndar Landssamtaka lífeyrissjóða en í henni eru fulltrúar fjölda lífeyrissjóða. Drög að samkomulaginu voru send aðildarsjóðum Landssamtaka lífeyrissjóða til rýni í febrúar 2021 og bárust allnokkrar ábendingar. Samkomulagið var sent í lokarýni á sjóðina 21. mars 2022.
- 12.3. Komi upp sú staða að lífeyrissjóður óski ekki eftir aðild að samkomulaginu er þess ósk að að efnisleg rök sem standa þar að baki berist Landssamtökum lífeyrissjóða. Megi rekja ástæður þess til efnislegra ákvæða samkomulagsins verður eftir fremsta megni reynt að miðla málum.
- 12.4. Lífeyrissjóður getur sagt samkomulagi þessu upp með 18 mánaða fyrirvara og tekur uppsögn þá gildi við lok almanaksárs.
- 12.5. Samkomulag þetta var sent til rafrænnar undirritunar á framkvæmdastjóra sjóðanna í janúar 2025.

Samkomulag þetta tekur að því er varðar eftirtalda hlutfallssjóði aðeins til upplýsingagjafar, s.s. varðandi umsókn og viðeigandi fylgigögn.

B deild Brúar lífeyrissjóðs

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

B deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

A deild Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands

Sent til rafrænnar undirritunar á framkvæmdastjóra sjóðanna í janúar 2025

Almenni lífeyrissjóðurinn

Birta lífeyrissjóður

Brú lífeyrissjóður

EFÍA

Festa lífeyrissjóður

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Gildi-lífeyrissjóður

Íslenski lífeyrissjóðurinn

Lífeyrissjóður bankamanna

Lífeyrissjóður bænda

Lífeyrissjóður Rangæinga

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Ísl. h.f.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Lífsvirk lífeyrissjóður

SL Lífeyrissjóður

Stapi lífeyrissjóður

## Viðauki 1

Viðauki 1

### Úrskurðarsjóður

Nafn úrskurðarsjóðs

Staður og dagsetning þegar gögn eru send

### Móttökusjóður/ir þar sem réttur til örorkulífeyris hefur stofnast:

Nafn sjóðs

Nafn sjóðs

Nafn sjóðs

### Vinsamlega takið til afgreiðslu umsókn um örorkulífeyri sbr. meðfylgjandi gögn.

Nafn sjóðfélaga

Kennitala sjóðfélaga

	Dagsetning	%
Orkutap:	XX.XXX.XXXX	XX%
Breyting	XX.XXX.XXXX	XX%
Endurmat:	XX.XXX.XXXX	
Úrskurðarsjóður greiðir örorkulífeyri frá	XX.XXX.XXXX	

### Fjárhæðir úrskurðarsjóðs á verðlagi í réttindamánuði m.v. 100% mat

Áunninn réttur	xxx.xxx kr.
Framreikningur	xxx.xxx kr.
Stubbur	xxx.xxx kr.
<b>Fjárhæð alls:</b>	<b>xxx.xxx kr.</b>
Barnalífeyrir:	
Nafn og kennitala barns	xxx.xxx kr.
Nafn og kennitala barns	xxx.xxx kr.
<b>Fjárhæð alls:</b>	<b>xxx.xxx kr.</b>

### Lífeyrissjóðir með réttindi:

	Þátttaka í framreikningi:	Þátttaka í greiðslu barnalífeyris
Úrskurðarsjóður	XX,X%	XX,XX%
Nafn sjóðs	XX,X%	XX,XX%
Nafn sjóðs	XX,X%	XX,XX%
Nafn sjóðs	XX,X%	XX,XX%
Nafn sjóðs	Sjálfstæður réttur	
Nafn sjóðs	Sjálfstæður réttur	
Nafn sjóðs	Sjálfstæður réttur	
Nafn sjóðs	Sjálfstæður réttur	

### Réttindaflutningur til úrskurðarsjóðs:

Nafn sjóðs

Nafn sjóðs

Nafn sjóðs

### Ásamt umsókn eru eftirtalin gögn meðfylgjandi:

Matsgerð trúnaðarlæknis

Læknisvottorð

Yfirlit um iðgjaldskil og réttindi við orkutap allra sjóða

### og eftir því sem við á:

Upplýsingar um erlendar tekjur umreiknaðar yfir í íslenskar krónur miðað við miðgengi, meðaltal árs samkvæmt gegni á heimasíðu Seðlabanka Íslands:

<https://www.sedlabanki.is/hagtolur/opinber-gengisskraning/timaradir/>

Önnur gögn sem talin eru nauðsynleg til að hægt sé að úrskurða réttindi og greiðslur s.s. staðfesting á greiðslum sjúkrasjóðs, starfslokavottorð o.fl.



## Viðauki 2

Uppbót á greiðslu barnalífeyris þegar sjálfstæður barnalífeyrisréttur myndast hjá lífeyris-sjóði/um, sbr. gr. 9.4.

Barnalífeyrisgreiðslur skiptast á milli sjóða, sbr. gr. 9.2.

Sjóður	Fullur barnalífeyrir	Skipting	Skiptur barnalífeyrir	Uppbót
Sjóður A	13.000	40%	5.200	0
Sjóður B	18.000	20%	3.600	800
Sjóður C	21.000	40%	8.400	3.000
Samtals		100%	17.200	3.800

## Viðauki 3

### Útreikningur SAL stiga:

Heildariðgjöld ársins \* 10 / grundvallarfjárhæð ársins.

Dæmi:

Iðgjöld á árinu 1992 eru 250.000. Iðgjald sjóðfélaga 100.000 (4%) og mótframlag 150.000 (6%).

Grundvallarfjárhæð ársins 1992 skv. grunnaunatöflu SAL 550.977 (sjá töflu).

$250.000 \times 10 / 550.977 = 4,537$  SAL stig.

### Stubbaflutningur þegar orkutap er fyrir 31. janúar 2008:

SAL stig \* 1,2 \* grundvallarfjárhæð flutningsmánaðar.

Dæmi:

SAL stig ársins 1995 1,500.

Flutningsmánuður er október 2020.

Uppfæra grundvallarlaunin í janúar 2008 (vnv. 281,8) til verðlags í október 2020 (vísitala 485,1):

$79.402 * 485,1 / 281,8 = 136.686$  (grundvallarlaun SAL í október 2020).

Flutningur:

$1,500 * 1,2 * 136.686 = 246.035$  kr.

## Viðauki 3 frh. grunnlaunatafla SAL

Ár	Jan	Feb	Mars	Apr	Mai	Júní	Júlí	Ágú	Sept	Okt	Nóv	Des	Samtals
2008	79.402,00	79.628,00	79.543,00	80.642,00	81.825,00	84.615,00	85.770,00	86.531,00	87.348,00	88.137,00	88.898,00	90.814,00	1.013.153,00
2007	75.007,00	75.204,00	75.514,00	75.260,00	75.711,00	76.359,00	76.754,00	76.923,00	76.951,00	77.965,00	78.360,00	78.867,00	918.875,00
2006	70.132,00	70.357,00	70.301,00	71.090,00	71.907,00	72.950,00	73.795,00	74.133,00	74.387,00	74.838,00	75.007,00	74.978,00	873.875,00
2005	67.343,00	67.399,00	67.540,00	68.047,00	68.188,00	67.822,00	68.301,00	68.385,00	68.526,00	69.569,00	69.991,00	69.878,00	820.989,00
2004	64.807,00	64.835,00	64.638,00	65.004,00	65.370,00	65.906,00	66.413,00	66.103,00	66.103,00	66.385,00	66.892,00	67.033,00	789.489,00
2003	63.088,00	63.313,00	63.201,00	63.877,00	63.961,00	63.849,00	63.905,00	63.820,00	63.764,00	64.215,00	64.525,00	64.609,00	766.127,00
2002	61.848,00	62.412,00	62.243,00	62.496,00	62.524,00	62.496,00	62.778,00	62.834,00	62.496,00	62.806,00	63.144,00	63.032,00	751.109,00
2001	56.945,00	57.030,00	57.143,00	57.481,00	58.185,00	59.002,00	59.904,00	60.355,00	60.552,00	60.946,00	61.341,00	61.566,00	710.450,00
2000	54.663,00	55.086,00	54.917,00	55.339,00	55.677,00	55.903,00	56.100,00	56.382,00	56.100,00	56.213,00	56.776,00	56.945,00	670.101,00
1999	51.761,00	52.071,00	51.986,00	52.240,00	52.522,00	52.775,00	53.198,00	53.395,00	53.592,00	54.043,00	54.466,00	54.466,00	636.515,00
1998	51.113,00	51.394,00	51.282,00	51.479,00	51.592,00	51.761,00	51.845,00	51.733,00	51.451,00	51.507,00	51.733,00	51.874,00	618.764,00
1997	50.098,00	50.267,00	50.296,00	50.267,00	50.634,00	50.549,00	50.662,00	50.746,00	50.887,00	51.085,00	51.254,00	51.197,00	607.942,00
1996	49.084,00	49.269,00	49.355,00	49.440,00	49.526,00	49.840,00	49.783,00	49.840,00	50.154,00	50.268,00	50.282,00	50.311,00	597.152,00
1995	48.299,00	48.456,00	48.541,00	48.456,00	48.399,00	48.484,00	48.541,00	48.684,00	48.884,00	49.055,00	49.269,00	49.112,00	584.180,00
1994	47.699,00	47.657,00	47.699,00	47.742,00	47.757,00	47.814,00	47.913,00	48.085,00	48.128,00	48.199,00	48.199,00	48.284,00	575.176,00
1993	46.315,00	46.558,00	46.701,00	46.772,00	46.772,00	46.801,00	46.829,00	47.186,00	47.514,00	47.642,00	47.757,00	47.757,00	564.604,00
1992	45.602,00	45.631,00	45.631,00	45.659,00	45.702,00	45.802,00	46.087,00	46.144,00	46.158,00	46.158,00	46.187,00	46.216,00	550.977,00
1991	42.654,00	42.654,00	43.848,00	43.848,00	43.848,00	45.602,00	45.602,00	45.602,00	45.602,00	45.602,00	45.602,00	45.602,00	536.066,00
1990	40.263,00	40.867,00	40.867,00	40.867,00	40.867,00	41.480,00	41.480,00	41.480,00	41.480,00	41.592,00	41.592,00	42.654,00	495.489,00
1989	34.045,00	34.258,00	34.471,00	34.471,00	36.471,00	37.763,00	37.763,00	37.763,00	39.263,00	39.263,00	40.263,00	40.263,00	446.057,00
1988	29.975,00	30.185,00	31.500,00	32.973,00	32.973,00	34.045,00	34.045,00	34.045,00	34.045,00	34.045,00	34.045,00	34.045,00	395.921,00
1987	26.557,00	26.557,00	27.000,00	27.000,00	27.000,00	27.866,00	27.866,00	27.866,00	29.975,00	29.975,00	29.975,00	29.975,00	335.503,00
1986	17.637,00	17.810,00	18.677,00	18.677,00	18.677,00	19.249,00	19.249,00	19.249,00	21.054,00	21.054,00	21.054,00	22.021,00	234.408,00
1985	14.100,00	14.100,00	14.438,00	14.438,00	14.785,00	15.434,00	16.002,00	16.386,00	16.386,00	17.380,00	17.637,00	17.637,00	188.723,00
1984	10.835,00	11.016,00	11.377,00	11.377,00	11.377,00	11.605,00	11.605,00	11.605,00	11.605,00	11.605,00	12.852,00	13.102,00	139.961,00
1983	8.220,00	8.220,00	9.647,00	9.647,00	9.647,00	10.419,00	10.419,00	10.419,00	10.419,00	10.835,00	10.835,00	10.835,00	119.562,00
1982	5.387,00	5.387,00	5.791,00	5.791,00	5.791,00	6.389,00	6.961,00	6.961,00	7.483,00	7.483,00	7.483,00	8.061,00	78.968,00
1981	3.804,00	3.804,00	4.031,00	4.031,00	4.031,00	4.358,00	4.358,00	4.358,00	4.746,00	4.746,00	4.900,00	5.387,00	52.554,00
1980	2.433,54	2.433,54	2.595,86	2.595,86	2.595,86	2.899,58	2.899,58	2.899,58	3.148,07	3.200,56	3.473,53	3.804,21	34.979,77
1979	1.605,07	1.605,07	1.716,04	1.716,04	1.716,04	1.923,14	1.969,02	1.969,02	2.149,58	2.149,58	2.149,58	2.433,54	23.101,72
1978	1.121,47	1.121,47	1.215,24	1.215,24	1.215,24	1.463,13	1.463,13	1.463,13	1.513,20	1.513,20	1.513,20	1.605,07	16.422,72
1977	678,60	712,57	730,43	730,43	730,43	794,18	942,93	942,93	977,60	977,60	977,60	1.121,47	10.316,77
1976	523,12	523,12	570,44	570,44	570,44	570,44	620,88	620,88	620,88	658,15	678,60	678,60	7.205,99
1975	396,93	396,93	445,99	445,99	445,99	477,81	499,03	499,03	499,03	520,00	520,00	523,12	5.669,85
1974	280,45	285,99	351,35	351,35	351,35	351,35	351,35	351,35	351,35	386,36	386,36	396,93	4.195,54
1973	207,48	207,48	232,61	232,61	232,61	244,57	244,57	244,57	261,04	261,04	261,04	280,45	2.910,07
1972	183,39	183,39	184,95	186,09	186,50	207,48	207,48	207,48	207,48	207,48	207,48	207,48	2.376,68
1971	157,97	157,97	157,97	157,97	157,97	157,97	157,97	161,02	162,45	162,45	162,45	183,42	1.937,58
1970	125,37	125,37	127,34	127,34	127,34	136,22	151,57	151,57	157,96	157,96	157,96	157,96	1.703,96
1969	107,86	107,86	107,86	107,86	112,25	119,85	119,85	119,85	123,36	123,36	123,36	125,37	1.398,69
1968	96,86	96,86	98,02	99,76	99,76	101,11	101,11	101,11	101,94	101,94	101,94	102,46	1.202,87
1967	93,67	93,67	93,67	93,67	93,67	93,67	93,67	93,67	93,67	93,67	93,67	96,86	1.127,23
1966	84,29	84,29	85,72	85,72	85,72	89,48	92,19	92,19	93,67	93,67	93,67	93,67	1.074,28
1965	71,42	71,42	73,61	73,61	73,61	74,05	78,95	81,41	82,37	82,37	82,37	84,21	929,40
1964	68,02	68,02	68,02	68,02	68,02	68,02	71,43	71,43	71,43	71,43	71,43	71,43	836,70
1963	52,42	55,02	55,02	55,02	55,02	56,40	59,18	59,18	59,18	59,18	59,18	61,83	686,63
1962	48,30	48,30	48,30	48,30	48,30	52,42	52,42	52,42	52,42	52,42	52,42	52,42	608,44
1961	43,91	43,91	43,91	43,91	43,91	44,06	48,30	48,30	48,30	48,30	48,30	48,30	553,41
1960	43,91	43,91	43,91	43,91	43,91	43,91	43,91	43,91	43,91	43,91	43,91	43,91	526,92
1959	50,67	43,91	43,91	43,91	43,91	43,91	43,91	43,91	43,91	43,91	43,91	43,91	533,68
1958	39,94	39,94	39,94	39,94	39,94	39,94	39,94	41,95	43,46	46,40	46,40	50,67	508,46
1957	38,83	38,83	38,83	38,83	38,83	38,83	39,73	39,73	39,94	39,94	39,94	39,94	473,10
1956	37,34	37,34	37,75	37,75	37,75	38,83	38,83	38,83	38,83	38,83	38,83	38,83	459,74
1955	31,24	31,24	31,64	31,64	35,15	35,15	35,15	35,15	35,80	35,80	35,80	37,34	411,10
1954	31,24	31,24	31,24	31,24	31,24	31,24	31,24	31,24	31,24	31,24	31,24	31,24	374,88
1953	31,03	31,03	30,83	30,83	30,83	30,83	30,83	30,83	30,83	30,83	30,83	31,03	370,56
1952	28,20	28,20	28,97	28,97	28,97	29,35	29,35	29,35	29,35	29,35	29,35	30,04	349,45
1951	24,17	24,17	24,17	24,17	24,17	25,90	25,90	25,90	27,23	27,23	27,23	28,20	308,44
1950	19,66	19,66	19,66	19,66	20,63	20,63	22,01	22,01	22,76	22,76	22,76	22,76	255,56
1949	18,41	18,41	18,41	18,41	18,41	18,84	19,66	19,66	19,66	19,66	19,66	19,66	228,85
1948	18,41	18,41	18,41	18,41	18,41	18,41	18,41	18,41	18,41	18,41	18,41	18,41	220,92
1947	17,83	18,05	18,41	18,41	18,05	18,95	19,03	19,03	19,14	19,14	19,95	20,01	225,64
1946	16,31	16,31	16,60	16,60	16,60	16,72	17,01	17,06	17,24	17,12	17,60	17,64	202,81
1945	15,62	15,68	15,68	15,68	15,68	15,68	15,72	15,72	15,72	15,91	16,31	16,31	189,71

# Undirritunarsíða

Framkvæmdastjóri Gildis-lífeyrissjóðs  
Davíð Rudolfsson

framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins  
Arnaldur Loftsson

framkvæmdastjóri Brúar lífeyrissjóðs  
Gerður Guðjónsdóttir

framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verzlunarm...<sup>1)</sup>  
Guðmundur Þór Þórhallsson

framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins  
Gunnar Þór Baldvinsson

framkvæmdastjóri Festu lífeyrissjóðs  
Gylfi Jónasson

framkvæmdastjóri LSR  
Harpa Jónsdóttir

framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestmanna...<sup>2)</sup>  
Haukur Jónsson

framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs  
Jóhann Steinar Jóhannsson

framkvæmdastjóri Lífsverks lífeyrissjóðs  
Jón Loftur Árnason

1) framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna  
2) framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja

# Undirritunarsíða

framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda  
Ólafur Kristinn Ólafs

framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins  
Ólafur Páll Gunnarsson

framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs  
Ólafur Sigurðsson

framkvæmdastjóri SL lífeyrissjóðs  
Sigurbjörn Sigurbjörnsson

framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga  
Þröstur Sigurðsson

framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna  
Tryggvi Tryggvason

framkvæmdastjóri EFÍA  
Guðmundur Thorlacius Ragnarsson

framkvæmdastjóri Lsj. starfsm. Búnaðarbank...<sup>1)</sup>  
Guðmundur Thorlacius Ragnarsson

framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna...<sup>2)</sup>  
Jóhann Steinar Jóhannsson